



# Flippuð prjónakennsla

Lært að prjóna með aðstoð Internetsins

Rakel Tanja Bjarnadóttir

Lokaverkefni til B.Ed.prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# **Flippuð prjónakennsla**

## ***Lært að prjóna með aðstoð Internetsins***

Rakel Tanja Bjarnadóttir

Lokaverkefni til B.ed-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðsögukennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Maí 2014

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.prófs í  
Grunnskólakennarafræðum. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn  
hátt nema með leyfi höfundar.

© Raket Tanja Bjarnadóttir, 2014

Prentun: Bóksala Menntavísindasviðs Reykjavík, 2014

## Ágrip

Verkefnið samanstendur af greinargerð þessari, kennslumyndböndum í prjóni og vefsíðunni [www.prjonumsaman.com](http://www.prjonumsaman.com). Verkefnið er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í faggreinakennslu í grunnskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Inni á vefsíðunni má finna kennslumyndbönd í flestum grunnaðferðum við að prjóna ásamt ýmsum hagnýtum fróðleik. Hugsunin er að vefsíðuna sé hægt að nota í vendikennslu, sjálfsnám og sýnikennslu fyrir bæði einstaklinga og hópa innan kennslustofu sem utan. Myndbönd sem þessi eru kjörin til þess að ýta undir einstaklingsmiðað nám en hver og einn ætti að finna efni við sitt hæfi. Vefirnir er opnir öllum að kostnaðarlausu svo foreldrar eða aðrir aðstandendur sem vilja aðstoða börnin sín eða rifja upp gamla kunnáttu heima við hafa fullan aðgang að því efni sem börn þeirra eru að læra.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip (útdráttur)</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Þrjónakennsla í gegn um árin</b> .....	<b>8</b>
<b>3 Hvað er vendikennsla?</b> .....	<b>10</b>
3.1 Þrjónum saman, heima og í skólanum. ....	11
<b>4 Þrjónumsaman.com og kennslumyndbönd í þrjóni</b> .....	<b>13</b>
4.1 Upptökur á kennslumyndböndum .....	14
4.2 Afmörkun efnis fyrir vefinn .....	15
<b>5 Lokaorð</b> .....	<b>17</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>18</b>

## Formáli

Greinargerð þessi ásamt vefsíðunni [www.prjonumsaman.com](http://www.prjonumsaman.com) og kennslumyndböndum er lokaverkefni til B.Ed. gráðu í faggreinakennslu í grunnskóla við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Verkefni þetta er mitt framlag til tilraunanámsefnis í þrjónakennslu og er að mestu leyti byggt á myndbandsupptökum. Myndbandsupptökurnar geta hvort tveggja nýst inni í kennslustofunni sem utan hennar og eru tilvaldar til dæmis til upprifjunar eða fyrir kennara til að leggja inn nýja tækni.

Ég vil þakka öllum hannyrðakonunum í kringum mig fyrir alla þá aðstoð og ábendingar sem ég hef fengið við vinnu verkefnisins. Mamma og ömmur mínar tvær, skólasystur mínar, frænkur og vinkonur; takk, án ykkar væri ég ekki hér. Manninum í lífi mínu, Anton Mána, færi ég sérstakar þakkir fyrir aðstoðina við upptökurnar en honum og börnunum okkar tveimur, Áróru Sól og Nikulási Breka, þakka ég þolinmæðina og tillitsemina á meðan vinnunni stóð. Áróra fær einnig sérstakar þakkir fyrir að þrjóna með mér og sitja fyrir á myndum fyrir vefinn.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_\_.\_\_\_\_\_ 20\_\_

---

## 1 Inngangur

Ég lærði fyrst að prjóna 5 ára gömul. Lítil og nett leikskólastelpa með allt of stóra prjóna, bleikt garn og full af áhuga. Ég vildi kunna að prjóna eins og mamma og ömmur mínar sem framleiddu flíkurnar, að því er mér virtist, á færbandi. Bleika stykkið sem ég prjónaði með aðstoð móður minnar var götótt, mis breitt og mis fallega prjónað garðapryjón. Ég var mjög stolt af prjónastykkinu mínu sem var notað sem teppi fyrir fröken Barbie í fleiri ár. Þetta krúttlega stykki á ég enn og minningarnar við gerð stykkisins ylja mér um hjartaræturnar í hvert skipti sem ég lít það augum.

Í grunnskóla bætti ég svo við þekkingu mína, prjónaði tuskudýr, kaktus, trefla og eyrnabönd svo eitthvað sé nefnt. Þegar ég var komin í 8.bekk var prjón ekki inni í verkefnum kennarans og í 9.- og 10. bekk valdi ég mér ekki það fag sem þá hét handavinna og þar með kom löng pása í námi mínu í textílmennt. Prjón þótti ekki svalt meðal unglinga þess tíma og prjónarnir lögðust í dvala. Það var ekki fyrr en um 10 árum síðar sem ég fékk þá flugu í höfuðið að prjón gæti nú verið eitthvað sem ég hefði gaman af en ég hélt að sú verkunnátta sem ég hafði lært væri löngu gleymd og ill upprifjanleg. Þetta var fyrir tíma prjónatískunnar, sem nú hefur tröllriðið þjóðinni, svo ekki gat ég leitað mér aðstoðar hjá vinkonum og mamma prjónaði ekki lengur svo ég vissi til. Auk þess vildi ég heldur reyna að finna út úr þessu sjálf. Ég leitaði víða á netinu að myndböndum sem gætu kennt mér það sem ég þurfti að kunna en fann ekkert með þeim aðferðum sem ég hafði lært sem barn og mér þótti þær aðferðir sem sýndar voru á þeim myndböndum sem ég fann á myndbandavefum á Internetinu vera ruglingslegar. Þarna fæddist hugmyndin að lokaverkefninu mínu fyrst. Þó ég fyndi ekki myndbönd sem hentuðu mér lét ég það ekki stoppa mig og fann mér uppskrift á íslensku af ungbarnapeysu. Það var frekar flókið mynsturprjón fyrir byrjanda en ég ákvað að láta til skara skríða. Einu sinni kunni ég að prjóna og mig hafði lengi langað að prjóna peysu. Ég var viss um að ef ég gæti komið þessu stykki frá mér væru mér líklegast allir vegir færir með prjónana að vopni og þar hafði ég rétt fyrir mér. En þessi leið er ekki sú sem hentar flestum. Réttar sagt held ég að hún henti fæstum. Eftir að peysan var svo gott sem tilbúin þurfti að hekla á hana kant. Hekl hafði ég aldrei lært og í annað skiptið reyndi ég fyrir mér með það að finna leiðbeiningar á *youtube* þar sem skrifaðar leiðbeiningar voru mér á þessum tíma með öllu óskiljanlegar. Þarna fannst mér ég upplifa það að hitta á olíuæð því útskýringarnar og leiðbeiningarnar voru frábærar. Ég lærði þannig að hekla sjálf heima í stofu með aðstoð *youtube*. Mér fannst frábært að geta ýtt á „*play*“ og „*pause*“ þegar mér hentaði



og spólað til baka þegar ég átti í erfiðleikum með að skilja það sem fram fór. Fljótlega eftir að ég lærði að hekla með aðstoð *youtube* fór ég að geta lesið og heklað eftir leiðbeiningum í bókum og geri það núna hjálparlaust.

Þegar ég byrjaði í kennaranámi valdi ég textíl sem mitt fag. Mín sterka hlið liggur í allri handavinnu og þá gildir einu hvort hún sé á blaði, á striga, í tré, textílefni eða öðru. Textíllinn er þó það sem ég hef mesta ástríðu fyrir og þar finn ég hæfileikum mínum bestan farveg.

Hvar sem ég hef farið í vettvangsnám hefur þrjónakennsla alltaf komið upp og allir þeir kennarar sem ég hef verið hjá talað um að það sé vandasamt að leggja inn og kenna þrjón. Nemendum í hópum hefur fjölgað með tilkomu lotukerfisins, en það er kerfi þar sem kennslustundir í list- og verkgreinum eru kenndar örar en í skemmri tíma en áður, til að mynda mæta nemendur gjarnan tvisvar í viku í eitt fag og eru í því fagi í 8-9 vikur, svo tekur annað fag við. Tímum sem ráðstafa á í textílmennt og aðrar list- og verkgreina hefur fækkað með tilkomu þessa kerfis (Arngunnur Sigurþórsdóttir, 2013). Þetta þyngir kennslu og gerir námsþátt eins og þrjón, þar sem mikillar einbeitingar bæði kennara og nemenda er krafist, erfiða. Allir þeir kennarar sem ég hef rætt við segja sömu söguna, þ.e. að þrjónakennsla byrjenda sé erfitt og krefjandi verkefni. Þar kemur hugmyndin mín aftur upp. Hvað ef það væri hægt að einfalda þessa kennslu með aðstoð myndbanda? Er það möguleiki og er slíkt efni til?

## 2 Prjónakennsla í tímans rás

Textíll og handavinna hefur fylgt þjóðinni frá upphafi en prjón er þó ekki eitt af þeirri handavinnu sem fylgdi landnámsmönnum hingað til lands. Elstu skriflegu heimildir um prjón á Íslandi má finna í bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups á Hólum. Þær heimildir eru frá síðasta fjórðungi 16.aldar en honum voru borgaðar landskuldir að hluta til í prjóni, að öllum líkindum sokkum (Sara Bertha Þorsteinsdóttir, Valgerður Kristín Sigurðardóttir, 1984. Elsa E. Guðjónsson, 1985).

Elstu varðveittu minjar sem grafnar hafa verið úr jörðu á Íslandi af prjónalesi eru sléttprjónaður belgvettingur sem fannst við uppgröft á Stóruborg árið 1981 en hann mun líklegast vera frá fyrri hluta 16.aldar. Prjón á Íslandi er því að skilja ekki svo gömul hefð miðað við aldur þjóðarinnar. Líklegast þykir að prjónalistin hafi borist hingað til lands með þýskum, enskum eða hollenskum kaupmönnum. Ekki er vitað hvenær það gerðist, þó ekki seinna en á síðari hluta 16.aldar. Prjónalistin breiddist hratt út og segir í fyrstu prentuðu íslensku hannyrðabókinni, *Leiðarvísir til að nema ýmsar kvenlegar hannyrðir*, sem kom út árið 1886, að prjón sé svo almennt hér á landi að engin þörf sé á að kenna aðferðina við það. Þrátt fyrir að prjónið falli undir kvenlegar hannyrðir í þessari bók var það þó síður en svo þegar prjónið kom hingað til lands að það væri kveniðja, það prjónuðu allir, konur, menn og börn á öllum aldri, allir sem *vettlingi gátu valdið* sátu iðnir við. Prjónið þótti á allra færi að læra og töluvert auðveldara en vefnaðurinn sem áður tíðkaðist. Margskonar flíkur voru prjónaðar inni á heimilum landsins og varð hverskyns prjónavarningur að mikilvægri útflutningsvöru langt fram á 19.öld. Elsta útflutningsskýrsla þar sem getið er um prjónales er frá árinu 1624 en þá voru meðal annars flutt út 72 þúsund pör af sokkum og 12 þúsund pör af vettlingum (Sara Bertha Þorsteinsdóttir, Valgerður Kristín Sigurðardóttir, 1984. Elsa E. Guðjónsson, 1985). Framleiðni landans hefur því verið gífurlega mikil. Fólk lærði hvert af öðru og börnin tóku fullan þátt í vinnunni rétt eins og annarri eins og gamall húsgangur gefur til kynna:

Fyrst þú ert komin á fjórða ár

áttu að fara að vinna.

Þú átt að læra listir þjár:

lesa, prjóna og spinna

(Bergrós Kjartansdóttir, 1999).

Þó að það sé eflaust ekki mjög algengt að fjögurra ára gömul börn læri að þrjóna í dag þótti það hið eðlilegasta mál í þá daga enda vinna margar hendur létt verk.

Árið 1919 lagði kona að nafni Halldóra Bjarnadóttir fram kosti handavinnunnar til þess að fá hana samþykktá sem skyldunámsgrein í skólum landsins. Hún dró fram kosti þess að æfa jafnt hug og hönd auk þess sem hún benti á að þar fengju margir, sem ekki væru mikið fyrir bókina, hæfileikum sínum notið og að skóladagurinn yrði fjölbreyttari, sem hefði marga kosti í för með sér. En fram að þessu hafði handavinnukennsla farið fram inni á heimilum landsins þar sem hver lærði af öðrum. Handavinna varð ekki að skyldunámsgrein fyrr en 17 árum síðar, árið 1936, þó hafði hún hafist fyrir í einhverjum skólum (Loftur Guttormsson, 2008).

Til að byrja með var textílkennsla einungis fag sem stúlkur lærðu í skólunum en eins og áður sagði hafði það verið baráttumál að fá hana samþykktá. Í þá daga var eitt nafn yfir þau fög sem í dag kallast *textílmennt* og *hönnun og smíði*. Þau hétu handavinna og flokkuðust í hannyrðir drengja og hannyrðir stúlkna. Hugsunin var að kenna börnum verk sem nýttust til heimilisins og þá þótti gefa auga leið að stúlkur lærðu að þrjóna og sauma en drengir lærðu smíðar og önnur verk sem þá þóttu karlmannleg. Börn lærðu fögin allan veturinn en breyting varð á árið 1974 þegar það þótti ekki lengur við hæfi að skipta kynjunum með þessum hætti, stúlkur gætu vel lært smíði og drengir hefðu einnig gott af því að læra að sauma og þrjóna. Í flestum skólum var það þá þannig að vetrinum var skipt í tvennt, fyrir jól lærðu nemendur annað fagið og eftir jól hitt fagið, oftast vikulegir tímar. Undanfarin ár hefur list- og verkgreinum gjarnan verið skipt upp í lotur ásamt námsgreinum eins og myndmennt og heimilisfræði. Kennslustundunum hefur fækkað og í stað þess að nemendur mæti vikulega koma þeir oftast en ekki tvisvar í viku sem hefur ákveðna kosti í för með sér. Ókosturinn við kerfi sem þetta er tvímælalaust sá að á milli þess sem barn mætir í lotu í einu þessara faga eitt skólaárið og þar til það mætir næst getur liðið allt að eitt og hálf ár og það getur skipt sköpum fyrir skipulag kennslunnar (Brynjar Ólafsson, 2009. Arngunnur Sigurpálsdóttir, 2013).

### 3 Hvað er vendikennsla?

Flippuð kennsla, spegluð kennsla eða vendikennsla er þegar verkefnum innan skólastofunnar og heimavinnu er snúið við. Í stað þess að kennari flytji fyrirlestur og nemendur fái svo verkefni með sér heim til að vinna úr því efni sem rætt var um í fyrirlestrinum, er heimavinna nemandans að horfa, eða hlusta á fyrirlestur kennarans fyrir kennslustundina. Þetta getur verið glærusýning með tali, myndband- eða hljóðupptökur. Þegar í tímann er komið hefur nemandinn séð efni kennarans og kennslustundin er því laus til þess að vinna með efni fyrirlestrarins. Þá er farið annað hvort í einstaklings- eða hópavinnu og nemendur geta sokkið sér betur á áþreifanlegan máta í efnið, öfugt við ef þeir eiga að vinna með efnið einir heima. Í stað þess að kennarinn sé sá virki í skólastofunni og nemendur séu óvirkir hlustendur er þessu öfugt farið, þ.e. nemendur sjá um virknina í skólastofunni á meðan kennari leiðbeinir og á þar af leiðandi auðveldar með að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Þessi kennsluaðferð hefur verið notuð með mjög góðum árangri víðsvegar um heiminn meðal annars í Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs (Hjálmar Árnason, 2013).

Það hefur verið stutt með rannsóknum að þessi kennsluaðferð henti vel fyrir þá kynslóð sem sé að alast upp núna. Þúsaldarbornin (stundum kölluð „kynslóð Y“) eða þeir einstaklingar sem fæddir eru á árunum 1982–2002 hafa alist upp við upplýsingatækni frá blautu barnsbeini. Þetta eru einstaklingar sem hafa alist upp við meiri nálægð við tækni og upplýsingar á stafrænum miðlum en nokkur önnur af fyrri kynslóðum. Þeir nemendur sem falla undir þennan hóp eru tengdir allan sólarhringinn og eru bæði opnari fyrir því að gera margt í einu og fyrir samskiptum í námsferlinu. Þessir nemendur vilja sjá breytingu í námsumhverfi sínu (Roehl, Reddy og Shannon, 2013). Sú kynslóð sem á eftir þessari kemur er líkleg til þess að feta í fótspor þeirrar á undan hvað varðar tækninýjungar sérstaklega í ljósi þess að undanfarin ár hefur orðið mikil bylting hvað varðar snjalltæki.

Roehl, Reddy og Shannon (2013) benda á að þó að vendikennsla sé frábær leið til þess að snúa við hlutverkum í fögum sem byggjast oftast á fyrirlestrum megi hæglega nota þessa kennsluaðferð í fleiri fögum eins og til að mynda kennslu textíl- eða fatahönnunar. Aðferðin bjóði upp á notkun margvíslegra möguleika í undirbúningi fyrir vinnu í kennslustundinni og með því að nota tímann utan kennslustundar til undirbúnings nýtist tíminn í kennslustundinni sjálfri betur við að útfæra tæknileg atriði. Þar með er kennsluaðferðin ekki bara góð fyrir fög sem oftast eru fyrirlestra miðuð heldur einnig fyrir fög þar sem verkleg færni er stærstur partur af námsefninu.

### 3.1 Prjónum saman, heima og í skólanum

Eins og fyrr segir kviknaði hugmyndin að [www.prjonumsaman.com](http://www.prjonumsaman.com) þegar ég lærði sjálf að prjóna upp á nýtt. Það er gífurlegt magn af prjóna- og handavinnutengdum myndböndum á vefnum en lítið sem ekkert efni til með þeim aðferðum sem hafa tíðkast hér á landi og meginlandi Evrópu, eða að minnsta kosti er það mér hulin ráðgáta hvar það sé að finna. Það vantar þá sérstaklega efni á íslensku sem væri hægt að nota inni í kennslustofu. Hugsunin á bak við þau myndbönd sem ég hef tekið upp er að þau séu bæði nothæf fyrir einstaklinga og hópa, í vendikennslu sem og innan veggja skólastofu. Það er æ algengara að bekkjardeildum fylgi spjaldtölvur og/eða fartölvur og þessi tæki eru, eftir því sem ég best veit og miðað við þá skóla sem ég hef heimsótt eða stundað vettvangsnám mitt í, lítið sem ekkert notuð í kennslu list- og verkgreina og því má breyta til batnaðar. Hugsunin á bak við vefinn er því ekki einungis að nýta hann í vendikennslu eins og lýst er hér að framan heldur einnig innan veggja stofunnar. Það er eins með prjón og flesta aðra verklega kunnáttu að það er nánast undantekningalaust kennt í sýnikennslu.

Um sýnikennslu gildir margt það sama og um flutning fyrirlestra. Til viðbótar má nefna að kennurum virðist hætta til að ofmeta illilega hversu vel nemendur sjá það sem sýnt er... Einnig skal bent á að myndbandsupptökuvel sem tengd er við stóran skjá, getur komið að mjög góðum notum þegar sýna þarf stórum hópi atriði sem byggjast á smáum hlutum eða áhöldum (Ingvar Sigurgeirsson, 1999).

Með þessum myndböndum er því hægt að auðvelda sýnikennslu til muna, það má nota skjávarpa eins og Ingvar bendir á, eða nýta spjald- eða fartölvur og jafnvel farsíma nemenda. Að auki er auðveldara að mæta hverjum og einum nemanda þar sem hann er staddur í sínu námi með einstaklingsmiðaðri kennslu. Í grein Áslaugar Brynjólfsdóttur (1985), *Tækninýjungar í námi*, segir:

Ekki má láta hjá líða að minna á notkun myndbanda við kennslu, en sá miðill hefur á boðstólnum ótal möguleika t.d. til að jafna aðstöðu til náms. Því þarf að leggja áherslu á að semja íslenskt námsefni á myndbönd ... Samsetning myndbanda og tölvu skapar langtum meiri sveigjanleika og gæði námsefnis en hingað til hefur þekkt í námsgagnagerð ... Upplýsingabyltinguna verður að bjóða velkomna en einungis sem tæki sem léttir og auðveldar nám og vinnu.

Áslaug hefur verið langt á undan sinni samtíð en hún hittir jafnvel naglann á höfuðið. Það efni sem ég hef útbúið má nýta fyrir hvern og einn nemanda þar sem hann lærir á sínum

hraða og tekur fyrir það efni sem hentar honum. Einnig væri hægt að taka fyrir einn námsþátt og sýna hann í kennslustund með aðstoð skjávarpa eða tölvu og er þá hugsað til þess að léttja bæði nám og vinnu. Það er einnig tvímælalaust kostur að nemendur geti tekið verkefni sín með sér heim og unnið í þeim með aðstoð myndbandanna. Þannig geta foreldrar einnig auðveldlega sett sig inn í námsþáttinn sem unnið er með og aðstoðað börnin sín ef þau þurfa á að halda. Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla (Almennur hluti 2011, greinasvið 2013) er eitt af markmiðum kennslu textílmenntar alveg frá upphafi grunnskólagöngu að nemendur geti nýtt margvíslega miðla til þess að leita sér upplýsinga. Til þess að geta tengt upplýsingatækni eða notað tölvur sem kennslutæki inn í textílmennt eru aðeins örfá forrit eða vefsíður sem hægt er að benda nemendum á, sér í lagi þeim nemendum sem ekki hafa lært að lesa eða skilja hvorki ensku eða dönsku.

Eftir að list- og verkgreinar fóru að verða kenndar í lotum getur, eins og fyrr segir, í versta falli liðið allt að eitt og hálf tár á milli þess sem nemandi mætir í textíl eitt árið og þar til það hittir þannig á í lotukerfinu í næstu bekkjardeild (Arngunnur Sigurpálsdóttir, 2013). Fyrir marga nemendur getur það skipt sköpum. Nemandi sem hefur áhuga og vilja til að læra meira fyrir utan kennslustofuna getur með aðstoð myndbandanna bæði viðhaldið sinni kunnáttu og sjálfur lært meira, jafnvel stundað sjálfsnám. Eins getur, fyrir þann sem ekki hefur mikinn áhuga eða hefur ekki haldið við kunnáttu sinni á milli lota, verið gott að rifja upp á einfaldan og skilvirkan hátt það sem hann hefur lært þegar hann mætir í nýja lotu. Það má því finna ávinning af myndböndum sem þessum fyrir alla nemendur, kennara og síðast en ekki síst foreldra sem vilja taka virkan þátt í námi barna sinna.

#### 4 Prjonumsaman.com og kennslumyndbönd í prjóni

Þar sem lítið er til af myndböndum sem mætti nota í prjónakennslu í grunnskólum ákvað ég að það væri mitt að búa þau til. Ég setti upp vef með þeim myndböndum sem ég hef útbúið ásamt ýmsum tengdum fróðleik. Þar að auki hafa þau verið send á vendikennsluvef Námsgagnastofnunar. Vefsíðan er sett upp í ókeypis forriti á netinu, [www.wix.com](http://www.wix.com), en það er mjög einfalt í notkun. Forritið býður upp á tilbúin útlit, en ég notaðist ekki við þau heldur setti upp síðuna eftir eigin höfði. Allar myndirnar á síðunni ásamt bakgrunnsmyndum af prjóni eru í einkaeign og eru allar, að einni undanskilinni, teknar sérstaklega fyrir þetta verkefni.

Líkt og í Aðalnámsskrá grunnskóla (2013) hef ég gert myndböndin þannig að það mætti flokka þau undir hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar en það er hugmynd um þá færni sem nemandi ætti að vera fær um að framkvæma við þessi árgangaskil. Að sjálfsögðu mætti þó fara hraðar eða hægar yfir eftir því sem hverjum kennara þykir hæfa fyrir sig og sína nemendur. Garnið sem notað er í myndböndunum er í mismunandi lit og hugsunin þar á baki svipuð og með umferðarljósin; rauður (4. bekkur) þýðir að þú ert stopp áður hefur náð þessari færni, gulur (7. bekkur) að þú þurfir að staldra við og læra nokkra hluti áður en þú getur farið áfram og færð grænt (10. bekkur) þar sem þú ert nokkuð frjálst ferða þinna. Þú gætir að vísu lent aftur á rauðu ljósi eða hraðahindrun þar sem þarf að hægja á sér en þannig er nú lífið bara.

Efnið sem flokkast undir hvern lit er hugsað sem undanfari fyrir það sem á eftir kemur. Það gefur augaleið að þú getur ekki prjónað perluprjón nema að kunna að prjóna sléttar og brugðnar lykkjur og eins er það grunnskilyrði fyrir því að prjóna kaðla að þú þekkir muninn á sléttu og brugðnu og getir talið umferðir. Það eru eflaust margir liðir sem hægt væri að hoppa yfir eða mætti færa á milli stiga en það er hverjum kennara í sjálfvald sett að stjórna því hvað hann leggur áherslu á í sinni kennslu og á að sjálfsögðu að fylgja því sem honum þykir rétt. Eitt af því sem er jákvætt við að hafa myndböndin litaskipt er að það er ekki yfirþyrmandi fyrir nemendur að opna vefinn og sjá langan lista af myndböndum sem sýna ýmisskonar færni sem hann á eftir að tileinka sér. Eins gæti það verið hvatning fyrir einhverja nemendur að klára „allt þetta rauða“ því þá væri hægt að fara að læra „allt þetta gula“. Myndböndin eru ekki gerð með neinar ákveðnar prjónauppskriftir í huga og mætti þar af leiðandi nota þau sem aðstoð við að lesa flest allar prjónauppskriftir.

## 4.1 Upptökur á kennslumyndböndum

Það er margt sem þarf að huga að þegar kennslumyndbönd eru tekin upp. Fyrst og fremst þarf að huga að fyrir hverja efnið sé og hvað skuli sýna. Til þess að taka upp þessi 27 myndbönd þurfti til rétt í kring um 500 myndbandsklippur, sem ýmist voru ónothæfar eða styttrar og klipptar saman. Hvert myndband er því tekið upp ýmist í einu lagi eða pörtum í meðaltali upp undir 20 sinnum. Uppstillingin fyrir myndböndin miðar að því að það sem á að kenna sjáist eins vel og mögulegt. Stundum er klippt mjög nálægt og stundum fjær en ávallt er tilgangur með því hvaða leið er farin og stillt upp sérstaklega fyrir hvert myndband.

Ég var með nokkrar hugmyndir varðandi upptökurnar. Mig langaði til að mynda að hafa margar mismunandi hendur að prjóna, til dæmis barnahendur og karlmannshendur í bland við mínar eigin. Þegar ég setti aftur á móti prjónana í hendurnar á dóttur minni, sem þó prjónar mjög vel miðað við það að rétt að verða 6 ára, áttaði ég mig á að það myndi ekki ganga upp í kennslumyndbönd. Hennar hendur eru ekki jafn vanar og mínar og því færi athyglin hjá þeim sem ætlaði að læra að prjóna eftir hennar aðferðum ekki á réttan stað. Hún er ekki fær um að prjóna mjög hægt eða mjög hratt, eftir því sem á við í hvert skipti. Það þarf vanar hendur í þetta verk og því notaði ég eigin hendur í myndböndunum.

Til þess að taka upp myndböndin hafði ég ætlað að fá manninn minn, sem er kvikmyndagerðarmaður, til þess að vera bak við myndavélina. Við áttuðum okkur fljótt á því að það myndi ekki ganga upp þar sem hann hefur litla þekkingu á prjóni og áttaði sig ekki á því hvar fókusinn þyrfti að vera í hvert skipti. Það hefði því þurft töluvert fleiri upptökur ef hann hefði ætlað að standa fyrir aftan vélina. Við tókum þá upp á því að tengja myndavélina við sjónvarpið, en með því þá gat ég á mjög auðveldan máta bæði stillt upp myndavélinni, sem var fyrir aftan höfuðið á mér, sett fókusinn á vélinni á réttan stað og haldið höndunum í fókus með því að horfa á sjónvarpið.

Hljóðið var í öllum tilfellum, að kynningarmyndbandinu frátöldu, tekið upp eftir á. Það eru tvær ástæður fyrir því að ég valdi að taka hljóðið upp sér. Í fyrsta lagi þá hafði ég upphaflega hugsað mér að hafa myndböndin algjörlega hljóðlaus en ef nota á myndböndin í kennslu á mörg tæki í einu (fartölvur, spjaldtölvur eða síma t.d.) getur hljóð truflað í kringum sig. Það er þó fljótlegt vandamál því nemendur geta þá annað hvort notað heyrnatól eða slökkt á hljóðinu. Myndböndin eru þó þannig gerð að það er hægt að horfa á þau hljóðlaust með texta til hliðsjónar. Talið er því ekki nauðsynlegt í flestum tilfellum. Hin ástæðan fyrir því að hljóðið er tekið upp sér er sú að mikið af óþarfa umhverfishljóðum fylgja myndbandsupptökunni en þau geta verið mjög truflandi. Hljóðið var tekið upp þegar búið var að klippa myndböndin saman, sem varð til þess að í sumum tilfellum þurfti að klippa myndböndin aftur eða hægja á nokkrum atriðum þannig að þau væru skýrari. Þegar hljóð er



tekið upp án þess að vera tekið upp á sama tíma og myndbandið þarf að passa að slökkva á því hljóði sem fylgir hverri klippu, en hvert myndband samanstendur af allt frá tveim klippum og upp undir tíu. Eftirvinnslan, meðal annars klipping og hljóðupptökur, tók að meðaltali um þrjár klukkustundir fyrir hvert myndband. Annað sem telja má sem kost við það að taka upp hljóðið eftir á er að það er lítið mál að taka hljóðið aftur út og tala yfir á öðru tungumáli.

## 4.2 Afmörkun efnis fyrir vefinn

Það efni sem ég kaus að hafa á vefnum mínum er það efni sem ég tel að henti til kennslu í grunnskólum. Sem prjónari með „meira-próf“ í prjónalistinni er það eins og gefur að skilja mjög freistandi að fara lengra og taka á flóknara efni en það ætti þá ekki heima inni í grunnskólanum heldur í framhaldsskólanum (sem yrði þó vonandi síðar meir frábær viðbót við þessa vefsíðu). Þrátt fyrir að vefinn sé hægt að nota hvar sem er og hann sé opinn öllum sem vilja læra að prjóna er hann fyrst og fremst hugsaður sem viðbót við það kennsluefni sem finna má inni í textílstofum grunnskólanna. Til að velja það efni notaðist ég við bækurnar *Textílhönnun 2* (Fríður Ólafsdóttir, 2013), *Stóra Handavinnubókin* (Gordon, Harding, Vance. 2013) og *Prjónabíblían* (Gréta Sörensen, 2013) sem og þá þekkingu sem ég hef aflað mér bæði frá vettvangsnámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og frá því ég lærði sjálf að prjóna.

Prjón er þess eðlis að það er hægt að fara margar leiðir við að fá sömu útkomuna og það er ekkert meira rangt eða rétt í þeim efnum. Ég miðaði þó út frá því að hafa bandið í vinstri hönd og prjóna yfir á þá hægri, sem er sú aðferð sem þekkest víðast hvar í Evrópu og hefur fest sig í sessi hér á landi. Flestar aðferðirnar sem ég sýni eru gamalgrónar aðferðir við prjón en einnig má sjá nýstárlegri aðferðir eins og „töfralykkju“ (e. *magic loop*) en það er aðferð sem ég tel að gæti hentað vel í efri bekkni grunnskóla og þá sérstaklega fyrir nemendur sem eiga erfitt með að prjóna á marga prjóna í einu.

Útlit myndbandanna er ávallt með sama sniði til þess að heildarútlit bæði þeirra og vefsíðunnar passi saman og svo myndböndin séu auðþekkjanleg í þeim hafsjó af myndböndum sem þegar má finna á veraldarvefnum. Munurinn milli getustiga er eins og áður segir sýndur með litaskiptingu. Þeir prjónar sem ég nota eru úr bambus. Ástæðan fyrir því er lýsingarinnar vegna því það á til að glampa á prjóna sem eru úr málm og ljóst sést betur á svörtum bakgrunni. Ég hef svartann bakgrunn til þess að athyglin sé á prjóninu en það skiptir miklu máli að athyglin sé þar sem hún á að vera, þ.e. við viljum hafa hana á því sem fer fram og á að kenna í hverju myndbandi fyrir sig en ekki, óþarfa glampi, naglalakki eða íburðarmiklu skarti.

Upphaflega hafði ég hugsað að við myndböndin væri að finna skammstafanir eða tákn sem notuð eru í prjónauppskriftum. Þar sem þessar skammstafanir og tákn í

mynsturteikningum eru ekki samræmd (Fríður Ólafsdóttir, 2013), hvorki ef maður skoðar erlendar né íslenskar uppskriftir, féll ég frá þeirri hugmynd. Orðin á bak við merkingarnar í mynsturteikningum og skammstafanirnar í vinnulýsingunum eru aftur á móti alltaf eins á íslensku og því er talið í myndböndunum ávallt mjög lýsandi fyrir það sem fer fram. Þannig þýðir slétt prjón ávallt það sama og úrtökur eru ávallt það sama þrátt fyrir að skammstafanirnar og merkingarnar séu mjög mismunandi milli bóka og blaða. Það er kostur að í hverri bók eða blaði er ávallt að finna töflu sem sýnir hvað hver merking í mynsturteikningu eða skammstöfun í vinnulýsingu þýðir og því fljótlært að lesa og skilja hverja uppskrift fyrir sig svo lengi sem maður skilur orðin. Þar kemur vefsíðan [www.prjonumsaman.is](http://www.prjonumsaman.is) inn, þar sem hvert myndband tekur fyrir orð og orðasambönd sem tengjast prjóni og sjá má hvernig hver aðferð er framkvæmd. Allur texti sem gæti mögulega átt heima í hverju myndbandi er í skrifuðum orðum við hvert myndband inni á þeirri síðu ásamt ýmsum hagnýtum fróðleik en hann er ekki að finna á vendikennsluvef Námsgagnastofnunar. Það er mikilvægt að myndböndin séu í opnu aðgengi á fleiri stöðum en bara einum, en þannig geta fleiri bæði nálgast og notað efnið.

Lengd myndbandanna er mismunandi en markmiðið var að hafa þau ekki mikið lengri en þrjár mínútur og tókst ágætlega að fylgja því eftir.

Myndböndin má öll finna bæði á vendikennsluvef Námsgagnastofnunar, [www.vendikennsla.is](http://www.vendikennsla.is) og á vefsíðunni minni [www.prjonumsaman.com](http://www.prjonumsaman.com), en þar eru myndböndin eftir hverju getustigi á sömu síðu. Á vefsíðunni má einnig finna ágætt safn af krækjum í vefsíður sem mögulegt er að nýta í prjónakennslu, bæði íslenskar og erlendar og þar er einnig hægt að senda inn fyrirspurnir og ábendingar. Allt efni er í opnu aðgengi.

Öll myndböndin eru bæði til sem vinnsluskjöl, sem þýðir að ég get breytt þeim, til dæmis til að taka upp tal á öðru tungumáli en einnig eru þau vistuð á *mp4 formati*, en myndbönd á slíku formi er hægt að spila beint á nútímavöfrum án sérstaks búnaðar og þar af leiðandi hægt að spila beint af snjalltækjum.

Þar sem [www.prjonumsaman.com](http://www.prjonumsaman.com) er tilraunaútgáfa af efni sem þessu væri kærkomið að prufukeyra hann í kennslu, jafnvel í nokkrum skólum og athuga hvað betur mætti fara og hvort einhverju mætti bæta við eða taka út áður en hann væri formlega gefinn út sem námsefni. Þótt hugsunin á bak við vefinn sé einungis að sýna aðferðir við prjón má alltaf bæta við og fara meira út í prjónatengdan fróðleik. Þá væri hægt að skrifa greinar um hin ýmsu verkfæri sem tengjast prjóni, fara dýpra í sögu prjóns og upplýsingar og kennslu um mismunandi vefjarefni, litun í prjóni, yfirfæra myndböndin á fleiri tungumál og svo lengi mætti telja. Möguleikar ástækkun vefsíðunnar eru í raun óendanlegir.

## 5 Lokaorð

Það kemur á óvart hversu lítið er til af kennslu- og námsefni á tölvur, spjaldtölvur og síma miðað við hvað þessi tækni er okkur mikilvæg í daglegu amstri. Tölvur og myndbönd hafa lengi verið dásömuð sem verkfæri í kennslu en það hefur vantað að einhver útbúi kennsluefni sem er sérstaklega ætlað fyrir kennslu í textílmennt í grunnskólum á þessum miðli. Það kemur líka á óvart miðað við allan þann aragrúa af myndböndum sem finna má á veraldarvefnum að það sé lítið sem ekkert til þar sem bandið sem þrjónað er með sé í vinstri hönd en bæði Bretar og Ameríkanar hafa það í þeirri hægri sem er ólíkt þeim aðferðum sem við þekkjum hér á landi.

Með smíð þessara myndbanda og heimasíðunni [www.prjonumsaman.com](http://www.prjonumsaman.com) er það einlæg ósk mín að mér takist að opna augu kennara fyrir þeim möguleikum sem felast í notkun upplýsingatækni í öllum fögum grunnskólans. Einnig fyrir möguleikanum á að koma nemendum út úr kennslustofunni með það í huga að þeim séu allir vegir færir því þeir kunni að leita sér upplýsinga og sækja sér þá kunnáttu þangað sem þeir vita (oftar en ekki betur en við hin) að hana sé að finna, það er að segja, á Internetinu.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Textílmennt 2013. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Arngunnur Sigurpórsdóttir. (2013). Lotukerfi í list- og verkgreinum –Námsgreinin *Textílmennt*. Sótt 15.02.14 af [http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid\\_og\\_fraedin/001.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/001.pdf)
- Áslaug Brynjólfssdóttir. (1985). *Tækninýjungar í námi*. Landssamband framsóknarkvenna 1985 (edda útgáfa?), bls. 47–51.
- Bergros Kjartansdóttir. (Umsjón). (1999). *Spuni-handmennt*. Sótt 01.04.14 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=263074&pageId=3689573&lang=is&q=prj%F3](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=263074&pageId=3689573&lang=is&q=prj%F3)  
[n](#)
- Brynjar Ólafsson. (2009). „... að mennta þá í orðsinsanna skilningi“ -Um sögu, þróun og stöðu handmennta í grunnskólum á Íslandi 1970–2007. Sótt 1.3.2014 af <http://netla.hi.is/greinar/2009/011/index.htm>
- Elsa E. Guðjónsson. (1985). Um prjón á Íslandi. Erindi flutt á norrænni ráðstefnu um prjón og hekl 1984. *Hugur og Hönd 1985*, bls. 8–12.
- Fríður Ólafsdóttir. (2013). *Textílhönnun 2*. Bildungsdepartement des Kantons Luzern.
- Gréta Sörensen. (2013). *Prjónabiblían*. Vaka-Helgafell.
- Gordon, M., Harding, S., Vance, E. (2013). *Stóra handavinnubókin*. Vaka-Helgafell.
- Hjálmar Árnason. (2013, 3.apríl). Afhverju speglun (flipp)? *Vísir.is*. Sótt af 20.03.14 af [http://www.visir.is/af-hverju-speglun-\(flipp\)-/article/2013704039964](http://www.visir.is/af-hverju-speglun-(flipp)-/article/2013704039964)
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Loftur Guttormsson. (ritstjóri). (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 – 2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bls. 200–205.
- Roehl, A., Reddy, S. L., Shannon, G. J. (2013). *The Flipped Classroom: An Opportunity To Engage Millennial Students Through Active Learning Strategies*. *Journal of Family & Consumer Science*, vol.105, issue 2. Bls.44–49.
- Sara Bertha Þorsteinsdóttir, Valgerður Kristín Sigurðardóttir. (1984). Prjón. . *Hugur og Hönd 1984*, bls. 10-13.